



## ***Yfirlýsing frá PricewaterhouseCoopers ehf***

Nú liggur fyrir að Slitastjórn Glitnis skilaði ekki inn gögnum til dómstóls í New York til að fylgja eftir áfrýjun sinni frá í vor í máli því sem hún höfðaði fyrir dómssátölum þar í maí 2010 gagnvart sjö nafngreindum einstaklingum og PricewaterhouseCoopers ehf. (PwC)

PwC mótmælti málshöfðun Slitastjórnar Glitnis á hendur félaginu sem tilhæfulausri og illa rökstuddri, enda hefur að mati PwC legið fyrir frá upphafi að félagið gat ekki að verið aðili að málinu í New York. Samningar PwC við Glitni voru mjög skýrir varðandi það að úr ágreiningsmálum sem upp kynnu að koma skyldi leyst fyrir dómstólum á Íslandi.

Engu að síður ákvað Slitastjórnin að höfða mál á hendur PwC og þrátt fyrir afdráttarlausar röksemdir og andmæli félagsins hélt Slitastjórnin sínu striki með málshöfðunina. Dómstóllinn í New York vísaði málinu frá með afgerandi hætti í desember 2010. Með því að Slitastjórn Glitnis ákveður að halda áfrýjuninni ekki til streitu hafa þær röksemdir sem PwC setti fram í málinu verið staðfestar.

PwC fagnar því að málinu í New York skuli nú lokið um leið og félagið harmar að hafa verið dregið að ósekju inn í málshöfðunina án þess að nokkrar forsendur væru til þess.

Reykjavík, 4. janúar 2012

### **PricewaterhouseCoopers ehf**

---

Sendandi:  
Reynir Vignir  
Framkvæmdastjóri TSP  
sími 840 5327

Netfang:  
reynir.vignir@is.pwc.com